



Reglur um þjónustu frístundar í Sveitarfélaginu Ölfusi

Frístundaheimilið í Þorlákshöfn er þjónusta sem stendur til boða fyrir börn í 1.-4. bekk eftir að skóla líkur á daginn og/eða á ákveðnum dögum þar sem ekki er hefðbundið skólastarf. Frístundaheimilið starfar samkvæmt viðmiðum um starfsemi frístundaheimila sem sett voru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, apríl 2021. Frístundaheimilið í Þorlákshöfn starfar eftir gæðaviðmiðum frístundaheimila, skólastefnu Sveitarfélagsins Ölfuss og þeim reglum sem Sveitarfélagið Ölfus hefur sett um þjónustu frístundaheimilisins.

1. Starfsemi frístundaheimilisins í Þorlákshöfn

Frístundaheimilið eða Frístund tilheyrir fjölskyldu- og fræðslusviði Ölfuss. Starfsemin er tvískipt: vetrar-frístund er skipulögð í samstarfi við grunnskólann og sumar-frístund í samstarfi við íþrótt- og tómstundasvið. Forstöðumaður hefur yfirumsjón með skipulagi frístundar í nánú samstarfi við skólastjórnendur á veturna og við íþrótt- og tómstundafulltrúa á sumrin. Forstöðumaður ber ábyrgð á velferð einstaklinga og hópa vegna þeirrar þjónustu sem veitt er og hefur umsjón með mannaforráði.

2. Leiðarljós og hlutverk

Meginhlutverk frístundaheimilis er að bjóða innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik, vali, fjölbreyttum viðfangsefnum og umhverfi.

Leiðarljós frístundaheimila er að bjóða öllum börnum þátttöku í fjölbreyttu frístunda- og tómstundastarfi án aðgreiningar með það að markmiði að efla sjálfstraust og félagsfærni þeirra.

Umhverfi starfsins einkennist af öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í frístundastarfinu er unnið gegn andfélagslegri hegðun í hverju svo sem hún kann að birtast svo sem einelti, öðru ofbeldi, niðurlægingu og kynbundinni og annars konar mismunun til að tryggja almenna velferð barna.

3. Opnunartími og þjónustuskráning

Frístund er opið eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur um **kl. 13:10 til kl. 16:30** alla virka daga. Á foreldradögum og starfsdögum er frístund opin frá kl. 08:00 til kl. 16:00 og þarf að skrá barn sérstaklega þá daga. Frístund er lokað 3 starfsdaga á ári og eru þeir kynntir í



handbók frístundar í upphafi hvers skólaárs. Einnig er lokað í haustfrí og vetrarfrí grunnskólans og á haustþingsdegi kennara.

Skráning

Foreldrar skrá barnið sitt í Frístund í upphafi skólaárs í gegnum **microsoft forms** eða **íbúagátt Ölfuss** (frá 1.sept.2024) en skráningaformið er kynnt og sent til foreldra í tölvupósti fyrir skólasetningu. Þar skrá foreldrar allar helstu upplýsingar um barnið, dvalartíma í Frístund og hvort barn sé á íþróttæfingum og/eða í tónlistarskóla.

Þjónustuuppsögn eða breytingar á þjónustu þurfa að berast til Frístundar fyrir 10. hvers mánaðar.

Sumarfjör – sumarnámskeið

Frístund býður uppá sumarnámskeið- sumarfjör eftir að skóla lýkur á vorin þar sem áhersla er lögð á útiveru, hreyfingu, listgreinar og fróðleik. Sumarnámskeiðin starfa alla virka daga frá kl. 08:00 – 16:00. Lokað er að jafnaði í 4 vikur á sumrin.

Skráning á sumarnámskeiðin eru í gegnum Sportabler <https://www.abler.io/shop/olfus>

4. Skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili í Ölfusi

Skilyrði fyrir dvöl barna í Frístund yfir vetrartímann er að barnið sé nemandi í Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Ef foreldrar búa ekki saman en fara með sameiginlega forsjá barns getur það foreldri sem barn á lögheimili hjá sótt um dvöl í frístund.

Sé barn með lögheimili í öðru sveitarfélagi en í Ölfusi þarf samþykki viðkomandi sveitarfélags fyrir kostnaðarþátttöku vegna dvalar að liggja fyrir áður en dvalartími á frístundaheimilinu hefst.

5. Forgangur á frístundaheimili

Umsóknir um dvöl á frístundaheimili eru afgreiddar í tímaröð, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk o.s.frv.

Að auki er hægt að sækja um forgang fyrir börn vegna félagslegra aðstæðna eða fötlunar. Óskað er skriflega eftir forgangi fyrir börn til forstöðumanns eftir staðfestingu frá fagaðilum:

- Börn sem þurfa forgang vegna fötlunar.** Staðfesting frá velferðarþjónustu Ölfuss og/eða frá viðurkenndum greiningaraðila.
- Börn sem þurfa forgang vegna félagslegra aðstæðna.** Staðfesting frá velferðarþjónustu Ölfuss eða frá deildarstjórum yngsta stigs grunnskólans.
- Börn sem hafa búið skemur en 2 ár á Íslandi.**

6. Gjaldtaka

Gjald fyrir þjónustu og síðdegishressingu á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá Sveitarfélagsins Ölfuss eins og hún er birt á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is



Gjaldskráin er samþykkt af bæjarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Sveitarfélagið Ölfus greiðir hluta kostnaðar við dvöl barna á frístundaheimili Ölfuss. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í Frístund. Einnig greiða foreldrar kostnað við síðdegishressingu.

7. Mannauður og raddir barnanna

Forstöðumaður hefur yfirumsjón með skipulagi frístundaheimilisins í nánú samstarfi við skólustjórnendur á veturna og við íþrótt- og tómstundafulltrúa á sumrin. Forstöðumaður ber ábyrgð á velferð einstaklinga og hópa vegna þeirrar þjónustu sem veitt er og hefur umsjón með mannaforráði.

Forstöðumaður hefur forystu um mótun frístundastarfsins og leitast við að innleiða faglega starfshætti. Starfsfólkið vinnur saman að útfærslu viðfangsefna. Samskipti starfsfólks við börnin einkennist af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun.

Hver starfsmaður skal að jafnaði hafa umsjón með 13 börnum í 1. – 2. bekk og 16 börnum í 3. – 4. bekk. Til viðbótar koma starfsgildi vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning.

Börnin hafa daglega val um fjölbreytt og ögrandi viðfangsefni og taka þátt í að móta þau í samstarfi við starfsfólk.

Jafnrétti er lykilþáttur í öllu starfi þannig að allir fái að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi gagnkvæmrar virðingar án mismununar.

Börnin eru hvött til að koma með eigin hugmyndir að viðfangsefnum og þau studd í útfærslu og framkvæmd þeirra.

8. Húsnæðið og samstarf

Frístundaheimilið er starfrækt í grunnskólanum í Þorlákshöfn, Suðurvör. Frístundaheimilið skal alla jafna vera staðsett í eða við Grunnskólann í Þorlákshöfn. Rekstrarkostnaður, s.s. viðhald, ræsting og rekstur aðgangskerfa, er á ábyrgð skólastjóra. Húsvörður skólans annast vörslu húsnæðisins þar sem frístundaheimili er staðsett í húsnæði grunnskólans. Sérstaklega skal áætla fjármagn árlega til efnis- og tækjakaupa fyrir frístundaheimilið.

Lagt er upp með að frístundaheimilið eigi sitt „hjarta“ eða heimastöð sem almennt er ekki nýtt undir aðra starfsemi. Samnýting er þó eðlilega á öðru húsnæði með skóla, íþróttahúsi og o.fl.



Tryggja þarf gott samstarf og samráð á milli frístundaheimilis, grunnskóla og íþrótta og tómstundastarfs. Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera með reglulegum fundum eða samtali.

Skóladagatal stjórnar opnunartíma frístundaheimilis. Á skóladagatali koma fram allir frídagar þegar frístundaheimilið er lokað og óhefðbundnir skóladagar þegar frístundaheimilið er opið lengur.

Deildarstjóri frístundaheimilis skal sitja nemendaverndarráðsfundi þegar skólastjóri kallar viðkomandi inn á fundi eða teymisfundi vegna sérstakra mála tengdum börnum sem eru í frístundaheimilinu. Deildarstjóri frístundaheimilis skal sitja skilafundi leikskóla sé þess óskað.

Frístundaheimilið vinnur í góðu samstarfi við íþrótta og tómstundafulltrúa og íþrótta- og tómstundafélög sem sinna tómstundum barna í sveitarfélaginu, með það að markmiði að börnin geti stundað eða sótt þær innan tímaramma frístundaheimilanna og fylgja börnum á skipulagðar æfingar þegar færi gefst.

Stefnt skal að samþættum vinnudegi í skólum og frístundaheimilum þannig að skólastarf, hvíld, tómstundir, íþróttir, tónlist og frístund myndi samfelldan vinnudag hjá börnum í 1.-4. bekk grunnskóla. Frístundastarf komi inn í samfelldan skóladag fremur en að vera í lok vinnudags. Fjölskyldu og fræðslusvið vinnur að þessu markmiði í samvinnu við stjórnendur skóla, íþrótta og tómstundafulltrúa og forstöðumann frístundaheimilisins.

9. Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskyldu- og fræðslunefnd þann 14.08.2024 og staðfestar af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29.08.2024. Gildistaka reglnanna miðast við 1. september 2024.